

Mánudaginn 19. október 1998.

Nr. 417/1998. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn

Sigurjóni Sigurgeirssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. október 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 1998, þar sem varnaraðili er gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. október næstkomandi kl. 16.00. Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

Rannsóknargögn málsins bera með sér, að rökstuddur grunur leikur á, að varnaraðili hafi gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skilyrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er uppfyllt til þess, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Sigurjóni Sigurgeirssyni, kt. 060876-5179, með lögheimili að Birtingavísl 10, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi með vísan til a-liðar 1. mgr.

og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála allt til kl. 16.00 mánudaginn 16. nóvember 1998 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lögregla lýsir málavöxtum svo, að aðfaranótt sunnudags 27. september hafi verið óskað aðstoðar lögreglu í Austurstræti við veitingastaðinn Subway vegna líkamsárásar. Er lögreglumenn komu að, hafi Kristinn Rúnar Magnússon, kt. 090579-3479, legið meðvitundarlaus í götunni og hnakki hans verið blóðugur og bólgin. Kristinn hafi verið fluttur með sjúkrabifreið á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í áverkavottorði Garðars Guðmundssonar, heila- og taugaskurðlæknis á taugaskurðeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, komi fram, að Kristinn Rúnar hafi verið meðvitundarlaus og með áverkamerki á höfði við komu á slysadeild. Hann hafi greinst með sprungu í höfuðkúpu hægra megin, blóðslikju inni á höfuðkúpu á yfirborði heilans og grun um heilamar á afmörkuðu svæði vinstra megin, einnig blóð í kinn- og ennisholum og grun um nefbrot. Þá hafi verið minni háttar vökvasöfnun hægra megin í brjósthóli. Áverkavottorðið sé dagsett 28. september, og hafi Kristinn Rúnar þá verið með verulega slævða meðvitund, ekkert samband náðst við hann, hann ekki talað, en hreyft sig eðlilega. Í vottorði Garðars Guðmundssonar, dagsettu í dag, komi fram, að Kristinn Rúnar sé farinn af sjúkrahúsinu og bíði eftir plássi á Grensásdeild, þar sem ástand hans verði metið og hann muni fá endurhæfingu eftir þörfum. Garðar segir Kristin Rúnar þjást af verulegu minnisleysi, skapgerðarbreytingum og þráhyggjukenndu atferli. Í nýjum myndum af heila hans komi fram greinileg merki um skaða á ennislöppum báðum megin, þó miklu meiri vinstra megin. Læknirinn telji líklegt, að einhver varanlegur skaði hafi orðið, en læknir á Grensásdeild geti tjáð sig nánar um heilaskaða Kristins Rúnarars eftir þrjá til sex mánuði.

Á vettvangi hafi verið leitað vitna að árásinni. Í frumskýrslu lögreglu sé getið um ellefu vitni. Við rannsókn málsins hafi verið teknar skýrslur af allmörgum vitnum, og hafi komið fram hjá nokkrum þeirra, að kærðu í máli þessu, Sigurjón Sigurgeirsson og Sveinn Gunnar Jónasson, hafi ráðist á Kristin Rúnar. Kærði Sigurjón muni hafa verið klæddur í hvít jakkaföt umrædda nótt og kærði Sveinn í bláum bol með hvítum röndum í kraga, bláum jakka og svörtum buxum. Vitni hafi borið, að kærði Sveinn Gunnar hafi slegið Kristin Rúnar, svo að hann hefði fallið við, skollið með höfuðið í götuna og misst meðvitund. Sveinn Gunnar hafi viðurkennt að hafa slegið Kristin Rúnar, svo að hann hefði fallið í götuna. Nokkur vitnanna, sex þeirra, hafi borið, að kærði Sigurjón eða maður klæddur eins og hann umrædda nótt hafi sparkað í höfuð Kristins Rúnar, er hann lá meðvitundarlaus í götunni. Vitnin þekki hann ýmist með nafni eða lýsi útliti hans og

fatnaði. Í skýrslum komi enn fremur fram, að kærði Sigurjón hafi hvatt menn til að fara úr jökkum sínum, og hafi Sigurjón viðurkennt að hafa hvatt til þess í þeim tilgangi að „taka á móti þessum gaurum“ og að jakkarnir myndu þannig ekki skemmast, ef til átaka kæmi. Einnig beri vitni, að kærði Sveinn Gunnar hafi einnig sparkað í höfuð Kristins Rúnars.

Svo vilji til, að til sé myndbandsupptaka af hluta árásarinnar. Menn, sem leið áttu hjá árásarstaðnum, hafi verið með myndbandsupptökuvél og afhent lögreglu upptöku af hluta árásarinnar.

Sigurjón kveðist ekki vita, hvernig það hafi viljað til, að Kristinn Rúnar féll í götuna, en segist sjálfur ekki hafa slegist við hann. Sigurjón hafi neitað að hafa sparkað í höfuð Kristins Rúnars.

Hér sé um mjög alvarlega líkamsárás að ræða, og ekki sé enn vitað, hvort Kristinn Rúnar muni ná sér af áverkum þeim, er hann hlaut. Sigurjón Sigurgeirsson sé undir rökstuddum grun um að hafa framið líkamsárásina ásamt Sveini Gunnari Jónassyni. Enn sé eftir að yfirheyra vitni í málinu og taka fleiri skýrslur af kærðu, og auk þess sé enn beðið niðurstaðna rannsóknar tæknideildar embættisins á því, hvort blóð eða hár fyndust á fatnaði og skóm kærðu. Verði að telja nauðsynlegt með tilliti til rannsóknar- og almannahagsmuna, að kærði Sigurjón sæti áfram gæsluvarðhaldi, meðan á rannsókn málsins stendur.

Verið sé að rannsaka ætlað brot Sigurjóns Sigurgeirssonar á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Það sakarefni, sem hér um ræðir, myndi varða fangelsisrefsingu, ef sök teldist sönnuð.

Með vísan til alls ofanritaðs, rannsóknarhagsmuna, og með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála sé þess farið á leit, að ofangreind krafa nái fram að ganga.

Rannsóknargögn málsins bera með sér, að sterkur grunur leikur á, að kærði hafi gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af gögnunum verður ráðið, að afleiðingar árásarinnar séu alvarlegar og hætt við, að svo verði til frambúðar. Í ljósi þess, hve hér er um alvarlegt sakarefni að tefla, telur dómurinn skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vera til að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, en auk þess skilyrði a-liðar 1. mgr. 103. gr. uppfyllt. Samkvæmt því verður krafan tekin til greina, þó þannig, að gæsluvarðaldstími verður ákveðinn til föstudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurjón Sigurgeirsson, kt. 060876-5179, með lögheimili að Birtingakvísl 10, Reykjavík, sæti gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 föstudaginn 30. október nk.